

ADHD & LÝÐRÆÐI

Raunveruleiki eða fögur fyrirheit

Björk Þórarinsdóttir
formaður ADHD samtakanna



Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík, sími 581-1110, www.adhd.is

Hvað er ADHD

ADHD er stytting á heitinu (Attention Deficit Hyperactivity Disorder) og er taugaproskaröskun sem kemur yfirleitt fram snemma á æviskeiðinu.

Orsakir ADHD eru líffræðilegar og stafa af truflun á boðefnum í stjórnstöð heilans á svæðum sem gilda mikilvægu hlutverki í stjórn hegðunnar og athygli

ADHD er algerlega óháð greind en getur haft víðtæk áhrif á daglegt líf, nám, störf og félagslega þætti.

Einkennin geta verið mjög mismunandi og mismikil hjá börnum með ADHD.



Aðaleinkenni barna með ADHD

- **Athyglisbrestur.** Lýsir sér í því að barnið á auðvelt með að verða fyrir truflunum og sía frá utanaðkomandi áhrif. Þau eiga í erfiðleikum með að halda athygli og einbeitingu þegar verið er að leysa verkefni því hugurinn fer oft að reika. Börn með ADHD eiga oft í erfiðleikum með að skipuleggja vinnu og nám.
- **Ofvirkni.** Einkennist af miklum óróleika, lítilli getu til að slaka á, sitja kyrr og eru alltaf á ferð og flugi. Börn með ADHD tala oft mikið og hátt.
- **Hvatvísi.** Birtist á þann hátt að barnið getur verið óþolinmótt og grípa inn í samtöl og leiki annarra. Það framkvæmir oft án þess að hugsa og á erfitt með að gera sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna.



Stærstu þættir í þróun ADHD

- Arfgengi 60-80%
- Áföll á meðgöngu
- Fyrirburar
- Heilaskaðar á fyrsta æviári
- Sjúkdómar eða slys
- Aðrar þroskaraskanir

Algengi ADHD

Talið er að 7-10 % barna glími við ADHD og um 4,5 % fullorðinna.

Það gera um 6.000 börn og 10.000 fullorðnir

1- 2 börn í hverjum bekk



Þrjár mismunandi gerðir ADHD

- ADHD – með ráðandi athyglisbrest
- ADHD- með ráðandi ofvirkni og hvatvísi
- ADHD- blönduð gerð, með bæði athyglisbrest, ofvirkni og hvatvísi.



Börn með ADHD

- Skynja umhverfi sitt og aðstæður öðruvísi en tilefni gefa til, ráða oft illa við truflanir í umhverfinu og eru viðkvæm fyrir hávaða
- Hafa oft mikla hreyfipörf og eiga erfitt með að bíða í röð eða sitja kyrr
- Tala oft mikið og grípa fram í og eiga erfitt með að stjórna hegðun sinni
- Eiga erfiðara með félagsleg samskipti sem stafar oft af hvatvísi og vangetu þeirra við að lesa í aðstæður



ADHD og fötlun

- ADHD ekki skilgreind sem fötlun á Íslandi
- Fötlun samkvæmt lögum um málefni fatlaðra frá 1992:
Sá á rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sem er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum“.
- Læknisfræðilega sjónarhornið á fötlun
- Félagslega sjónarhornið á fötlun
- Samningur sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra
- ADHD og læknisfræðilega sjónarhornið



ADHD skólinn

- Börn með ADHD eru í aukinni hættu á námserfiðleikum og þau rekast oft illa á innan skólaumhverfisins
- Skólamál helstu ástæður þess að foreldra barna með ADHD leita til ADHD samtakanna og Sjónarhóls
- Geta skólans til að taka tillit til einstaklingsins virðist minnka eftir því sem skólastigin eru klifin



Lýðræði og menntun

- Menntun er grundvöllur þess að vera vel undirbúinn fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi
- Menntun er einn af inntakspáttum lýðræðisins
- Lýðræði er þegar ólíkum þörfum og markmiðum ólíkra einstaklinga er mætt með samvinnu.
- Lýðræðisleg þátttaka er menntandi
- Menntun veitir okkur lífsfyllingu og eykur lífsgæði
- Lýðræði er trúin á menntun og reynslu



Aðalnámskrá skólanna

- Ný aðalnámskrá sem gefin var út í fyrra og byggir á lögum um leik, grunn og framhaldsskóla frá 2008
- Sameiginlegir þættir þessara þriggja aðalnámskráa fyrir mismunandi skólastig
 - hlutverk aðalnámskrár
 - almennir grunnþættir menntunar
 - mat og eftirlit með skólastarfi.
- Grunnþættir menntunar
 - Læsi, sjálfbærni , heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.



Aðalnámskrá og lýðræði

- Lýðræðislegt gildismat
- Lýðræðislegan hugsunarhátt
- Lýðræðismenntun
- Lýðræðisleg vinnubrögð



Einstaklings miðað nám

- “Mikilvægt er að skólinn taki mið af þörfum allra barna og ungmenna á einstaklingsbundinn hátt.”
- “Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings friðar umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis.”
- “Mikilvægt er að í öllu námi, viðfangsefnum skólastarfsins og aðferðum sé tekið tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar á eigin námi. Einnig þarf að efla þekkingu á grundvallarréttindum barna og fullorðinna með hliðsjón af íslenskri löggjöf og alþjóðasamningum”

Framhaldsskólarnir

- Fræðsluskylda til 18 ára
- Brottfall úr framhaldsskólum
- Einstaklingsmiðað nám
- Innganga í framhaldsskóla
- Mat á námsárangri
- Breytingar innan framhaldsskólanna
- Þekking og endurmenntun kennara



ADHD

í ljósi sögunnar

- Landnámsmenn
- Víkingar
- Bændur
- Sjómenn
- Framfarir- uppfinningar
- Samfélagið



STYRKLEIKAR EINSTAKLINGS MEÐ **ADHD**

- skapandi
- opnir
- framtakssamir
- kraftmiklir
- óhefðbundnir
- hressir og skemmtilegir
- forvitnir
- spurull
- kímni gáfa
- ákafur
- samúðarfullur
- blíðir
- heillandi
- gott ímyndunarafl
- bjartsýnn
- fjörugur
- heiðarlegur
- er ekki lengi í fýlu
- vill eignast nýja vini
- eftirtektarsamur
- hafa minni þörf fyrir svefn
- hreinskilnir
- einlægir
- hrifnæmir





ADHD samtökin eru til húsa að Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík og er skrifstofa samtakanna opin á öllum virkum dögum.

Upplýsingar og ráðgjöf er veitt í gegnum síma **581-1110** eða tölvupóst adhd@adhd.is en einnig er hægt að finna upplýsingar um ýmis málefni og fræðslu tengda ADHD á vefsíðu samtakanna www.adhd.is.

Bæklingar sem samtökin hafa gefið út tengdum málefnum barna og fullorðinna er hægt að nálgast á heimasíðu samtakanna.